

GEISLABAUGUR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Nóvember 2015

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Efnisyfirlit

GEISLABAUGUR – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	1
Inngangur	3
Leikskólinn Geislabaugur	3
Greining	4
Viðmiðaramminn	6

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Geislabaugi sem fram fór í október 2015. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og í öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í október 2015 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 12. - 16. október. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN GEISLABAUGUR

Leikskólinn Geislabaugur tók til starfa árið 2004 og er staðsettur við Kristnibraut 26, 113 Reykjavík.

Í leikskólanum eru 138 börn á sex deildum: Stjarnan, 1-2 ára börn, Lindin, 2-3 ára börn, Lautin, 3-4 ára og Sólin, 3 og 5 ára börn. Fjallið og Tunglið eru með 4-5 ára börn.

Leikskólastjóri er Ingibjörg Eyfells og aðstoðarleikskólastjóri er Þóra Jóna Jónatansdóttir.

Framúrskarandi verlag

- ✱ Þróunarstarf um jafnrétti hefur haft veruleg áhrif á innra starf leikskólans, sem birtist í umræðum, verkefnum, skipulagi deilda og leikefni. Í tengslum við verkefnið voru unnir gátlistar sem bera merki um metnaðarfulla leið til að meta jafnrétti.

Styrkleikar:

Stefna leikskólans er skýrt sett fram í skólanámskrá og starfsfólk þekkir og er ánægt með hana. Starfsmannahandbók er til á deildum með hagnýtum upplýsingum, sem nýtast í daglegu starfi. Læsisáætlun byggð á læsisstefnu er til og er innleiðing hennar að hefjast, læsisáætlun er vel unnin og leiðbeinandi fyrir starfsfólk.

Fjölbreytt úrval af leikefni er til staðar og er efniviður, náms- og kennslugögn aðgengileg fyrir starfsfólk. Leik- og námsefni endurspeglar áherslur leikskólans. Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum með útiveru og hreyfingu í sal.

Í sköpun er lögð áhersla á ferlið og eru uppeldisfræðilegar skráningar sýnilegar í ferilmöppum. Börn fá tækifæri til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Unnið er markvisst með heimamenningu barna.

Faglegur metnaður einkennir starf deilda og samstarf og samábyrgð er sýnileg innan deilda. Umhyggja einkennir samskipti við börn og starfsfólk notar almennt virka hlustun í samskiptum og gætir þess að hvert barn fái notið sín. Börnin eru glöð og áhugasöm í leikskólanum og finnst gaman í útiveru og sal ásamt listakrók og vali. Þau voru ánægð með persónumöppurnar og finnst gaman að skoða þær með foreldrum sínum.

Verkferlar sérfræðipjónustu eru skýrir og aðgengilegir og gott samstarf er við sérfræðipjónustu utan leikskólans.

Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans og upplifa að markvisst sé unnið að henni. Foreldrum finnst börnunum líða vel og komið er til móts við þarfir og óskir foreldra. Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf starfsfólks.

Tækifæri til umbóta:

Einkunnarorð leikskólans verði sýnileg á veggjum leikskólans. Unnið verði að því að efla traust á milli starfsfólks og gætt verði að jafnrétti og jafnræði í samskiptum.

Leikskólinn geri áætlun um mat á velferð barna með það að markmiði að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega. Börnin fái tækifæri til að meta nám sitt, komi með tillögur að leiðum í eigin námi og setji sér markmið. Auka skipulegar skráningar á námi barna og foreldrar verði markvisst þátttakendur í að meta nám og stöðu barna sinna.

Foreldráð setji sér starfsreglur og birti fundargerðir á heimasíðu leikskólans.

Leikskólinn geri áætlun um innra mat á skólaárinu þar sem markmið leikskólans verði metin markvisst og reglulega. Notaðar verði fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun og gætt verði að því að matið byggji á margvíslegum gögnum. Settar verði fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður innra mats. Að leitað verði eftir sjónarmiðum foreldra og niðurstöður úr ytra mati verði nýttar í innra mati.

Umbótaáætlun verði gerð, hún birt á heimasíðu leikskólans og verði í samræmi við niðurstöður, greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru. Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða og séð til þess að umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir.

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verlag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verlag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verlag.